

Nd.

359. Frumvarp til laga

[184. mál]

um breyting á lögum nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Aftan við síðustu málsgrein 3. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði laganna, er sjávarútvegsráðherra heimilt að leyfa íslenskum aðilum, sem útgerð stunda hér á landi, að taka á leigu um takmarkaðan tíma, erlent skip til fiskveiða í íslenskri landhelgi, ef íslenskt fiskiskip verður fyrir verulegum áföllum vegna bilana eða skip verður dæmt ónýtt og ekki reynist unnt að fá annað íslenskt skip í þess stað. Um heimild til veiða og löndunar fer þá eftir sömu reglum og gilda um íslensk skip, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í sérstökum reglum, sem ráðherra er heimilt að setja við veitingu leyfis um veiði og landanir hins erlenda skips.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Mjög algengt er, að togarar og stærri fiskiskip verði fyrir óhöppum, svo sem vélarbilun o. þ. h., sem tíma taki að bjarga við. Á meðan slíkt ástand varir er enginn til að hlaupa undir bagga og erfitt getur reynst að fá íslenskt skip í staðinn. Útgerðin lamast, áhöfn verður atvinnulaus og fiskverkun í landi leggst niður með þeim afleiðingum, að önnur þjónusta við sjávarútveginn verður fyrir skaða einnig. Einstakir útgerðarbærir og þorp geta þannig orðið fyrir miklum atvinnu- og tekju-missi þann tíma, er tekur að lagfæra það, er óhappinu olli og atvinnulífið truflast um nokkurn tíma með óheppilegum hætti. Einmitt nú er svo ástatt á nokkrum stöðum á landinu.

Úr þessu væri e. t. v. hægt að bæta með leigu á erlendu fiskiskipi um skamman tíma, svo sem lagt er til með frumvarpi þessu. Er frumvarpið flutt vegna óska um þetta efni.

Lögin nr. 33/1922 um rétt til fiskveiða í landhelgi voru sett við ákveðin skilyrði og aðstæður hér á landi á sínum tíma, en eru orðin úrelt í mörgum greinum. Væri þörf heildarendurskoðunar laganna miðað við aðstæður nú. Slík endurskoðun tæki þó langan tíma og lagfærði því ekki þau vandræði, sem hér hefur verið fjallað um og brýna nauðsyn ber til að reyna að bæta úr nú þegar.

Með lagabreytingu þessari, ef samþykkt verður, er með engum hætti verið að hleypa útlendum aðilum eða fjármagni inn í íslenska fiskveiðilandhelgi, heldur aðeins verið að gera tilraun til að bæta úr tímabundnum vandræðum í einstökum byggðarlögum. Ráðuneytið mun í hverju einstöku tilviki rannsaka, hvort um brýna nauðsyn sé að ræða, athuga hvort leigusamningur og leigukjör séu eðlileg, og með því fyrirbyggja, að um dulbúna útgerð erlendra aðila í íslenskri landhelgi sé að ræða.